

Nr. 1217

16. desember 2015

AUGLÝSING um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Rjúpnahæð – vesturhluti. Austurkór 42 og 44. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 15. desember 2015 breytt deiliskipulag fyrir Austurkór 42 og 44. Í breytingunni felst að aðkomukóti og hámarkshæð lækka. Vesturhlíðar húsanna hækka upp í hámarksmaðnishæð. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hnoðraholt – Smalaholt. Porrasalir 31. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 15. desember 2015 breytt deiliskipulag Þorrasala 31. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss á tveimur hæðum verði heimilt að reisa einbýlishús á einni hæð. Einnig er farið lítillega út fyrir byggingarreit. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Glaðheimar – austurhluti. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 15. desember 2015 breytt deiliskipulag Glaðheima – austurhluta. Í breytingunni felst að að íbúðum á svæðinu fjölgar um 22 og verður heildarfjöldi íbúða því 318. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 16. desember 2015.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2015